



## FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

3. árg. 4. tbl. 1994

### Fundarboð

Félag íslenskra safnmanna boðar til félagsfundar um söfnunarstefnu þann 22. október næstkomandi kl. 14:00 í Kornhúsinu á Árbæjarsafni. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og koma með hugmyndir til umræðu. Safnstjórar takið með ykkur fulltrúa úr safnanefndum. Það er kominn tími til að taka á málinu. Fulltrúum í Þjóðminjaráði er sérstaklega boðið á fundinn.

Stjórnin

# Frá ritstjóra

Þá er tekið að hausta og mörg söfn að leggjast í vetrardvala eftir annríki sumarsins. Um helmingur félagsmanna var útskrifaður úr farskóla íslenskra safnmanna 1994 með skírteini frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands upp á vasann. Farskólinn í ár var gagnlegur og skemmtilegur að vanda og vil ég fyrir hönd safnmanna þakka kærlega fyrir móttökurnar á Austfjörðum sem voru mjög góðar. Eins og kom fram á framhaldsaðalfundi félagsins á Seyðisfirði var nær enginn tími til umræðu í skólanum sem var slæmt þar sem margt sem fram kom var áhugavert og hefði þurft umræðu. Farskólinn er stærsta samkoma safnmanna og því er eðlilegt að félagsmenn noti þann tíma til skoðanaskipta. Þess á milli geta menn notað fréttabréfið til að koma á framfæri hugðarefnum sínum. Eins og fram kom á Seyðisfirði er áætlað að gefa fréttabréfið út oftari en gert hefur verið. Þó er það undir félagsmönnum komið hversu góður miðill það verður. Ég ætla að nota tækifærið og hvetja alla til að skrifa stuttar greinar í fréttabréfið um hugðarefni sín úr safnaheiminum.

Að þessu sinni er efni fréttabréfsins að hluta til úr farskólanum. Fyrirlestur Þóru Guðmundsdóttur um Seyðisfjörð birtist hér svo til óstyttnur. Það er þó ekki stefnan að nota fréttabréfið til að birta óstyttna erindi sem þegar hafa verið flutt á fundum en á því er gerð undantekning í þetta skipti. Niðurstöður könnunar um tölvuvæðingu safna birtast einnig auk innsendra greina um norska heimsókn Jons Birger Östby, Siðareglur ICOM, ráðstefnu um bæja- og húsakannanir, samnorrrænt verkefni Nordliv, og loks þátttakendalista farskólans. Njótið vel!

Með kveðju,

Margrét Jónasdóttir

# Hlutverk Félags íslenskra safnmanna

Í síðasta farskóla vorum við undirritaðar skipaðar í nefnd til þess að endurskoða hlutverk og markmið Félags íslenskra safnmanna. Ennfremur að gera tillögur um lagabreytingar ef okkur sýndist þess þurfa.

Í umræðum okkar hafa komið fram nokkur atriði sem okkur finnst ástæða til að félagsmenn skoði betur og ræði í sínum hópi áður en teknar eru frekari ákvarðanir um framtíð félagsins. Við viljum því leggja fram þetta minnisblað nú, en gerum það að tillögu okkar að málinu verði frestað og tekið upp á framhaldsaðalfundi sem haldinn verði í farskólanum í haust. Safnmenn fái þannig tíma í sumar til að skoða málið og koma álitinu og ábendingum til nefndarinnar, sem gerir síðan tillögur að þeim lagabreytingum sem mönnum þykir rétt að gera.

*Helstu atriði sem þarf að ræða meðal safnmanna:*

**1. Starfssvið félagsins:** Hvers konar félag á safnmannafélagið að vera? Við erum sammála um að það eigi að vera **fagfélag**, og að starfið eigi að beinast að starfi og fagmálum safna og safnmanna.

Nú er félagið opið „þeim sem lokið hafa námi í greinum sem nýtast í starfsemi **lista-, minja- og náttúrufræðisafna** (2.gr. laga). Í raun hefur starfið nær eingöngu miðast við minjasöfn og starfsmenn þeirra verið virkastir félagsmanna. Því hafa komið upp raddir um að breyta lögum þannig að félagið starfi einungis á þeim vettvangi. Á þessu eru tvær skoðanir. Annars vegar sú að á þessu stigi séu mörg og stór mál óunnin meðal minjasafnanna og ástæða til að leggja fram höfuðáherslu á minjasöfnin sem starfsvettvang. Starfsmenn minjasafnanna eru auk þess orðnir svo margir á öllu landinu að sá þáttur er ærið verkefni fyrir félagið. Þó nokkuð margir sem vinna við minjasöfn eða minjavörslu í landinu hafa heldur ekki tengst félaginu enn. Hins vegar er sú skoðun að mikilvægt sé að félagið nái til allra sviða safnastarfs, grunnstarfið sé hið sama á öllum söfnum og félagið eigi að stuðla að fræðslu og umræðu um safnfræði. Þannig verður það sterkara og trúverðugra sem formælandi safna. Í þessu sambandi hefur verið bent á að víða á landsbyggðinni eru söfn í senn lista- minja- og náttúrufræðisöfn með einum starfsmanni sem sér um allt starf og því er erfitt að kljúfa einstaka þætti safnastarfsins út úr starfi félagsins.

**2. Aðild.** Eins og er byggist aðild að félaginu á einstaklingum. Samkvæmt lögum eiga þeir rétt á aðild sem hafa lokið námi í safngreinum og ennfremur þeir sem vinna í faglegu starfi við söfn. Okkur þykir rétt að aðild sé bundin starfi á safni og að allir faghópar sem starfa á söfnum eigi rétt á aðild. Þó þarf félagið líka að vera opið fólki sem vinnur safnastörf án þess að vera í föstu starfi við safn t.d. fólk sem starfar í lausamennsku að tímabundnum verkefnum við söfn. Í þessu sambandi er mikilvægt að félagið hafi forgöngu um að ná til allra sem starfa á söfnum og að safnstjórar stuðli að því að starfmenn taki þátt í starfi þess og nýti sér endurmenntunarmöguleika sem félagið býður upp á.

Við viljum jafnframt varpa fram þeirri spurningu hvort félagið eigi einnig að vera opið fyrir stofnanir, þannig að söfn geti verið félagar. Fordæmi um slíkt er t.d. sænska safnafélagið, Svenska museiforeningen, þar er tvenns konar aðild möguleg, einstaklinga og stofnana, og reyndar er alþjóðaráð safna ICOM byggt upp á sama hátt. Norsku og dönsku félögin eru hins vegar félagsskapur safna. Kostur þess að stofnanirnar, þ.e. söfnin, hafi sjálfstæða aðild er helst sá að þá bera þau vissa ábyrgð á starfi að safnamálum t.d. farskólanum, sem hingað til hefur algjörlega verið á ábyrgð safnmanna sjálfra.

**3. Endurmenntun safnmanna.** Okkur þykir rétt að festa farskólann í sessi og fá honum það hlutverk að sjá um starfsfræðslu og endurmenntun safnmanna. Því sé nauðsynlegt að söfnin taki á einhvern hátt beina ábyrgð á honum líka (sbr. 2. gr. hér að ofan) það þarf að ákveða stöðu farskólans gagnvart félaginu, gagnvart söfnunum, þjóðminjaráði og hinu opinbera skólakerfi, t.d. endurmenntunardeild Háskóla Íslands.

**4. Norrænt samstarf.** Félag íslenskra safnmanna hefur að undanförmu tekið þátt í samstarfi norrænna safnfélaga. Samstarf við safnfélög á Norðurlöndum mun vafalaust aukast á næstu árum, m.a. er rætt um samvinnu um endurmenntun, útgáfumál og vinnuskipti, þ.e. dvöl við safn í öðru landi. Einnig má búast við að samstarf við önnur lönd, t.d. innan Evrópu eigi eftir að vaxa. Í núgildandi lögum félagsins er sagt að það skuli beita sér fyrir samstarfi við erlend samtök safnmanna (3.gr.), en hingað til hefur slíkt samstarf ekki verið mikið. Það er því spurning um hvort eigi að ákveða nánar um hvernig þessu samstarfi skuli háttað, til dæmis með því að skipa alþjóðanefnd, sem sjái um tengsl við safnmenn og félög þeirra í öðrum löndum.

**5. Aðalfundartími.** Í núverandi lögum er ákvæði um að aðalfund skuli halda fyrir 1. júní. Það hefur komið fram sú skoðun að réttara sé að halda hann í tengslum við farskólann, því þar séu yfirleitt fleiri félagsmenn samankomnir en hafi tök á að mæta á aðalfund í Reykjavík.

sign.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Þóra Kristjánsdóttir

# Norsk heimsókn

Pann 2. september síðastliðinn heimsótti okkur Jon Birger Östby forstöðumaður Norsk Museumsutvikling. Hann var hér í stuttri viðdvöl á leið sinni yfir Atlantshaf. Boðað var til umræðufundar á Þjóðminjasafni Íslands. Umræðuefni var þróun norskra safna og framtíðarsýn. Norsk Museumsutvikling NMU er alveg ný stofnun og þess vegna er forvitnilegt að fræðast nánar um hana.

Norsk Museumsutvikling var fyrst viðfangsefni í menningarmálanefnd Norðmanna árið 1992, en var sett á fót sem ríkisstofnun í janúar 1994. NMU á að vera ráðgefandi fyrir öll söfn, gömul og ný, bæði faglega og stjórnnunarlega. Hún á að leggja fram plön um þróun og samvinnu milli safnanna. Hún á að snúa að flestum hliðum safnastarfsemi og veita þjónustu, hvort sem um er að ræða söfnun, forvörslu og varðveislu, rannsóknir og miðlun fræðslu. Hvert safn leggur fram stefnumið og hugmyndir um úrlausn fyrir sig. Það skal tekið fram að söfnin í Noregi eru algerlega sjálfstæð og þeim er ekki miðstýrt. Norðmenn eru ekki með skilgreiningar í lögum sínum um minjavernd. Eiginlega má segja að þessi stofnun gegni sama hlutverki og Þjóðminjaráð og minjaverðir í sameiningu eiga að gegna hér. NMU hefur yfirsýn yfir alla minjavörsluna, hún skiptir sér ekki að markmiðum safna af fyrra bragði en gefur góð ráð ef um það er beðið og metur söfnin. NMU á ekki aðeins að gefa gæðastimpla heldur einnig að vera nokkurs konar upplýsingamiðill milli safna og almennings. Stofnunin á að stuðla að aukinni samvinnu milli faglærðra við söfnin og miðla þekkingu, ýta undir rannsóknir og koma þeim á framfæri. Einnig hefur stofnunin yfir að ráða fjárhæð sem söfnin geta sótt í styrk til ýmissa verkefna s.s. sérfræðinám í öðrum söfnum, námskeið í almannatengslum (publikumskontakt), miðlun fræðsluefnis, gerð námsefnis tengt safnaheimsóknum barna og til forvörslu einstakra gripa svo eitthvað sé nefnt.

Það kom fram í máli Jons Birges að í Noregi falla 800 stofnanir undir íslenska hugtakið söfn. Norðmenn skipta þeim í tvennt og tala um *museer* og *samlinger*. Tvöhundruð og átta af þessum söfnum hafa nú þegar sótt um að vera meðlimir í NMU. Smásöfn og einkasöfn (*samlinger*) eru rekin á allt öðrum grunni en fylkissöfnin og eru því ekki styrkt. Aðeins fjórtán söfn fá beina styrki frá norska ríkinu.

Jon Birger sagði að sennilega spryttu upp eitt til þrjú einkasöfn á viku hverri í Noregi og hann hefði sjálfur nokkrum sinnum lagt eindregið gegn stofnun safns og ráðlagt fólki að leggja safn niður þegar leitað hefur verið hans ráða. Í flestum fylkjum Noregs eru svokölluð fylkissöfn og hann sagði það álit norsks safnfólks að æskilegt væri að hafa eitt sterkt safn (miðsafn) í hverju fylki.

En hvernig er staðan hjá þeim? Þeir hafa ekki markað söfnunarstefnu fyrir heildina, en söfnin setja sér sjálf stefnuskrá. Hentistefna ríkir þar eins og hér. Litlu söfnin eru vinsælust af ferðamönnum. Tölvuvæðing er stutt á veg komin en lögð er mikil áhersla á hana. Um 300 safnanna hafa einn eða fleiri fasta starfsmenn. Náin samvinna er oft milli minja- og náttútugripasafna í fylkjunum. Stóru söfnin sjá um forvörslu. Sérhæfing er nokkur s.s. náttúru-, lista-, og minjasöfn og þau skiptast niður í til dæmis iðnaðar-, fjarðarmenningar-, víkingaaldar-, og samtímasafn svo eitthvað sé talið.

Sigríður Sigurðardóttir

## Breytingar á stjórn

Þær breytingar hafa orðið á stjórn FÍS að Unnur Björk Lárusdóttir hefur sagt sig úr stjórninni og Árni Björnsson varamaður tekið hennar sæti. Ámi mun gegna embætti ritara félagsins.

# Seyðisfjörður

## Landslag og staðhættir

Fyrir svo sem milljón árum gróf ísaldarjökullinn langa djúpa firði í grágrýtishellu Austurlandsins, elsta hluta hinnar annars ungu eldfjallaeyju. Kenningar eru uppi um, að áður en þungur hrammur jökulsins drap allt í dróma, hafi þessi hluti landsins verið skógi vaxin háslétta þar sem hjartardýr og önnur hlýloftsdýr reikuðu meðal hávaxinna beyki- og eikartrjáa. Í því sögulega samhengi verður kaflinn, sem lítur að mannlegri búsetu í Seyðisfirði stuttur og rýr.

Seyðisfjörður er syðstur fjarða í Norður-Múlasýslu og gengur ásamt Loðmundarfirði inn úr Seyðisfjarðarflóa.

Hann bugðast 17 kílómetra inn í landið, í þröngum og háum fjallasal, með Brimnesfjall, Grýtárfjall, Sandhólatind og Bjólf til norðurs, Fjarðarheiði til suðvesturs en til suðurs eru, Strandarfjall með Strandartindi, Hánefsstaðafjall, Snjófjall, Bægslí, Flanni, Hádegisfjöll, Sandfell, Kistufell og Skálanesbjarg. Flest þessara fjalla eru um og yfir 1000 metrar á hæð. Undirlendi er lítið, helst við fjarðarbotninn þar sem Fjarðaráin rennur stillilega í Lónið og áfram til sjávar eftir að hafa steypst fram af fjölda hamrabelta frá brún Fjarðarheiðar niður í Fjarðarsel.

Út með firðinum mynda stærri ár svolitlar eyrar, Vestdalseyri að norðan, en Sörlastaða, Hánefs- og Þórarinsstaðeyrar, að sunnan.

Dalir og dalverpi ganga inn úr Seyðisfirði. Að norðan er Vestdalur á bak við Bjólf, við fjarðarbotninn Fjarðardalur, en að sunnan Sörlastaðadalur og utar Austdalur. Ystu nes við fjörðinn eru Brimnes að norðan en Skálanes að sunnan, hvorutveggja fornar útvegsjarðir.

Fjöll eru grasigróin vel upp í hlíðar og ótal lækir, smáir og stórir strika hvítar syngjandi rákir í gróðurþekjuna fram eftir sumri, en snjór hverfur ekki að fullu úr fjöllum fyrr en komið er haust, ef þá nokkuð. Fjörðurinn er djúpur, lygn og skerjalaus, og er ein besta höfn landsins og þó víðar væri leitað. Nokkuð veðursælt þykir á Seyðisfirði, sumur oft hlý og lygn en vetur eru dimmir og gjarnan snjóþungir. Fjarðará skiptir undirlendinu við fjarðarbotninn, þar sem kaupstaðurinn stendur nú, í tvennt. Að norðan eru Oddabakkar og Fjarðaralda en að sunnan Búðareyri.

## Próun byggðar við fjörðinn

### Hin hljóða tíð.

Landnáma er fáorð um landnám Seyðisfjarðar, þar segir „Loðmundur in gamli hét maður, en annar Bjólfur, fóstbróðir hans. Bjólfur nam Seyðisfjörð allan og bjó þar til æviloka. Ísólfur hét sonur hans, er þar bjó síðan og Seyðfirðingar eru frá komnir.“ Talið er að bær Bjólfs hafi staðið við rætur samnefnds fjalls, um það bil þar sem nú heitir Fjörður.

Seyðisfjörður mun vera albyggður um 1000. Í miðaldaheimildum eru skráðar 10 bújarðir sitt hvoru megin fjarðarins og mun það hafa haldist óbreytt lengst af. Auk lögskráðra bújarða voru í firðinum fjöldi kóta og hjáleiga. Íbúarnir lifðu á hefðbundnum landbúnaði, einskonar blönduðum sjálfburftabúskap þar sem sauðkindin er undirstaðan og fiskveiðar stundaðar til heimilisnota.

## 1797-1805: Hánefsstaðaverslun

Pegar einokunarverslun Dana var aflétt 1788 og tekin upp svokölluð fríhöndlun reyna Vopnafjarðarkaupmenn með heiðursmanninn Dines Jespersen í fararbroddi að færa út kvíarnar til Seyðisfjarðar. Árið 1792 lætur hann taka niður á Vopnafirði og flytja á Hánefsstaðaeýri 18 álna langt og 7 álna breitt timburhús, sennilega hið fyrsta sem reist er á Seyðisfirði. Húsið var komið til ára sinna, 67 ára gamalt. Það var byggt úr bindingi, klætt með borðum bæði þak og veggir. Því var skipt í þrennt; „krambod, kammer og kogehus“. Kammerið var þiljað innan og með föstu lofti og stiga á milli hæða og uppmúruðum skorsteini, í krambúðinni voru nýtt afgreiðsluborð og hillur og tveggja hæða "kakkelown"

Fólk á Seyðisfirði og í nágrennasveitum var að vonum ánægt með verslunina á Hánefsstöðum, en næsti kaupstaður hafði fram að þessu verið á Eskifirði. Jafnhliða versluninni byggðist upp þó nokkur fiskverkun og þó nokkur umsvif kringum sláturfé en fé af Héraði og öðrum nágrennabyggðum var réttað á Seyðisfirði.

En það voru ekki allir ánægðir.

Eskifjarðarkaupmanni, Kyn að nafni, þótti að sínum hagsmunum vegið, tókst honum að flæma Jespersen af eyrinni og sölsa undir sig verslunina í nafni undirsáta síns Niels Örum. Fljótlega slettist einnig upp á vinskapið milli þeirra Kyns og Örum, sem varð til þess að bæði Kyn og Örum&Wulff stunduðu verslun og fiskverkun á Hánefsstaðaeýri aldamótaárið 1800.

Ekki var sambúðin vinsamleg, milli "hinna frjálsu kaupmanna" gengu klögumálin, sleitulaust til hins "danska rentukammers" og amtmanns, en þar á bæum réðu ríkjum, þunglamlegt skrifræði, óljós lagaákvæði og forsjárhyggja. Fór svo að lokum að að sýslumaður sá sig tilneyddan að loka báðum verslununum þann 13. júlí 1805. Þannig fóru byggðakritur og "byrokratía" að hafa afgerandi áhrif á þróun í fjórðungnum strax fyrir tveim öldum síðan.

Saga Hánefsstaðaverslunar er ýtarlega rakin í bók Einars Braga "Þá var öldin önnur" 3. bindi.

## 1845- 1870: Umsvif á Öldu og Vestdalseyri

Lokun Hánefsstaðaverslananna var fráleit og illa þokkuð aðgerð, sem stöðvaði alla eðlilega framþróun um margra ártuga skeið. Einkum kom þetta hart niður á hinum nýfædda sjávarútvegi. Það var til lítils að veiða fisk, sem ekki var hægt að selja.

Verslun komst aldrei aftur á laggimar á Hánefstaðaeysi.

Næst verður vart við hreyfingu í atvinnumálum og byggðapróun, þegar dönsku kaupmennirnir Pedreus og Thomsen hefja verslun á Fjarðaröldu 1848, einnig snúa Örum og Wulff aftur á Seyðisfjörð 1851, nú á Vestdalseyri þar sem þeir versla til 1865. Í kjölfar þeirra koma á Vestdalseyrina hvalfangarar frá New York, þeir Thomas Roys og Gustav Liljendahl. Þeir gera út nokkur stór skip til hvalveiða á árunum 1865-68. Hvalbræðslan fór að mestu fram á skipunum. Sumarið 1868 eru framleiddar 2330 lýsistunnur að verðmæti 100 þús. ríkisdalir.

Danskur hvalfangari, Hammer, keypti hvalstöðina 1869 en varð lítið úr. Þá eignast Gránufélagið öll mannvirki 1872.

Fleiri verslanir spretta upp á Fjarðaröldu; Arnesen með Knutsonsverslun í Neðribúðinni frá 1856 til 1871, þegar Thostrup tekur við.

Henderson og Anderson í Liverpool og seinna Glasgow, sem þeir keyptu af Pedreus og Thomsen árið 1859.

Til er lítil lýsing á verslun Hendersons frá því ári gerð af breskum ferðamanni James Symington.

*„Að morgunverði loknum gengum við út í búðina, þar sem var til sölu járnvara og matvara af ýmsu tæi. Í einu horninu stóð mikið af flöskum með álímdum miðum, en á þeim stóð "essence of punch" og má hamingjan víta hvað það átti að þýða."*

Lítill eða engin þéttbýlismyndun verður til kringum verslunina í byrjun. Hugsanlega hafa valdið þessu lög sem bönnuðu tómthúsmönnum að setjast að við sjó nema að þeir hefðu grasnyt fyrir 1 kú eða 6 ær og kálgarð að auki. Ekki er víst að landrými til þessara hluta hafi legið á lausu í Fjarðarlandi.

Í manntali frá 1860 má sjá að 75 manneskjur búa á 6 bæjum sunnan fjarðar, 50 í Firði, Odda og Fjarðarseli, 18 í verslunarhúsum; Knutson og Glasgow á Öldunni, 16 hjá Örum & Wulff á Vestdalseyri og 50 á bæjunum norðan fjarðar, auk 5 manna fjölskyldu Nikulásar trésmiðs í Nikulásarhúsi. Alls 214 íbúar.

## 1870-1900: Síldarárin fyrri

Ólíkt öðrum bæjum í landinu, svo sem Reykjavík, Ísafirði og Akureyri verður þéttbýlið við Seyðisfjörð til á undraskömmum tíma. Tildrög og undirstaða hinnar hröðu og öflugu uppbyggingar eru síldveiðar Norðmanna við Ísland á seinni hluta níttjándu aldar.

Á sjöunda áratug áttjándu aldar eru síldveiðar tregar við Noreg. Norskir farmenn, sem sigldu til Íslands með timbur færðu þær féttir heim, að á Íslandi kraumuðu langir, djúpir firðir fullir af síld.

Norðmenn stóðust ekki mátið.

Seyðisfjörður var upplagður áfangastaður, þar var þegar nokkur verslun og þjónusta og þar sat sýslumaður ef afla þyrfti tilskilinna leyfa til veiðanna. Auk þess var Seyðisfjörður góð höfn og þar óð síld alltaf annað kastið.

Árið 1867 sendi Albert Jacobsen kaupmaður og útgerðarmaður í Mandal skip til Íslands, hlaðið timbri og útbúnaði til síldveiða, nótum, tunnum og salti. Ef síldin gaf sig inn á fjörðum var veitt í hringnætur eða lása, og var hægt að geyma síldina lifandi í lásnum í einhverja daga eða vikur. Einnig var veitt í lagnet en sú síld fór aðallega í beitu. Ekki höfðu Norðmenn vetursetu til að byrja með, nema beikjar, sem skyldu smíða tunnur til næstu vertíðar.

Á ýmsu gekk í fyrstu, síldin var dyntótt eins og endranær. Stundum krpaði fjörðurinn af svo stórum göngum að ekki tókst að koma í lög, drapst þá síldin jafnvel í lásunum. Annan tíma sást varla síld, var þá gripið til þorskveiða og verkað í salt. Íslandssíldin þótti afspyrnu góð stór og feit og fyrir hana fékkst gott verð. 1880 var söltuð síld á Seyðisfirði fyrir eina milljón króna, sem var feiki mikið fé. (allar fasteignir síldarkónsins Wathne árið 1886, voru metnar á 18.000 )

Segja má að síldarárin fyrri hafi staðið með nokkrum risjum frá 1870 til aldamóta. Á þeim tíma fjölgar íbúum fjarðarins, sem var eitt byggðarlag

til 1895, úr rúmlega 200 í rúmlega 1000.

Þéttbýlismyndun varð á fleiri en einum stað og má eiginlega segja að bærinn hafi skipst í fjögur þorp, með talsverðum vegalengdum á milli;

Fjarðaralda og Vestdalseyri norðan ár en Búðareyri og Eyrar að sunnan. Milli Búðareyar og Eyra er Ströndin sérstakt bæjarhverfi, ekki þéttbýlt.

Í eftirfarandi köflum verður gerð nokkur grein fyrir hvernig byggð þróast á þessum svæðum á síldarárunum fyrir.

### Fjarðaralda

Smám saman fara að myndast húsaþyrpingar í nágrenni verslunarstaðanna.

Þéttbýlast varð undir Bjólfinum. Þar lá vegurinn til Héraðs ofan túna í Firði. Byggðin teygði sig úr fjörukambinum alveg upp að Neðstakletti.

Þetta var blönduð byggð lítilla þurrabúða ýmist úr timbri, torfi eða hvorutveggja. Þarna voru líka stærri timburhús eins og Hótel Ísland (byggt 1880) Norðan við byggðina voru verslunarhús Sveinbjörns Jakobsens í Liverpool, en sunnan hennar Thostrupverslun í Glasgow og Neðribúð. Í manntali 1880 eru 131 íbúi skráður í 16 þurrabúðum á Fjarðaröldu, 22 búa á heimajörðinni Firði en 24 á verslunarstöðunum tveimur.

### Snjóflóðið 1885

Vofeflegasti atburður í sögu kaupstaðarins er tvímælalaust snjóflóðið mikla úr Bjólfinum 1885, en flóðið sópaði stórum hluta byggðarinnar á Fjarðaröldu á sjó út. Sigmundur Long, íbúi í Fjarðarþorpi skráði eftirfarandi texta í dagbók sína eftir flóðið.

*„18. feb. Öskudagur: ANA dimmveður með töluverðri snjókomu enn litlu frosti. í morgun klukkan átta dundu þau ódæmi hér yfir, að valla mun finnast dæmi um slíkt tjón á Íslandi af þeim orsökum með mannskaða og eignartjón, sprakk fram svokallaður Kálfabotn í efstu brúninni hér upp af, hljóp svo snjóflóðið úr öllu fjallinu, inn að Jökugili ( sem kallað er) og út fyrir svokallaða Hlaupagjá, svo stórkostlegt að jafnt fór yfir hryggina sem gilin og braut allt er fyrir varð, og lenti ofan að neðri búð“*

Síðan telur Sigmundur upp þau hús og það fólk er fyrir flóðinu varð, en það eyðilagði meira eða minna 14 íveruhús (16 í öðrum heimildum) og 24 manneskjur týndu lífinu. Snjóflóðið hafði gífurleg áhrif á vöxt og viðgang

bæjarins. Fólk stóð uppi húsnæðis- og eignalaust en margir komu bókstaflega talað naktir úr flóðinu. Ekki var mikið byggt í kaupstaðnum fyrsta áratuginn á eftir og ekkert í farvegi snjóflóðsins í marga áratugi nema stöku geymsluhús.

Tvö hús Nóatún og Ingimundarhús (Oddagata 1), sem stóðu utan við Norskubúð kippkorn fyrir utan flóðasvæðið voru flutt inn á Ölduna.

Þar stóðu fyrir nokkur nýbyggð myndarleg timburhús, svo sem skólinn byggður 1882 og nýtt sýslumannshús byggt 1884.

Aldan varð, þegar nær leið aldamótunum, miðstöð stjórnsýslu og þjónustu. Þar bjuggu og störfuðu sýslumaður og læknir, þar var, pósthúsið, skólinn, amtsbókasafnið, bindindishús og leikhús, veitingahús og gistihús, bakaríið, apótekið, skósmiðastofan, klæðskerinn, úrsmiðurinn og síðast en ekki síst verslanirnar og sparisjóðurinn, sem hafði starfað allt frá 1872.

## Vestdalseyri

Töluverð byggð myndaðist á Vestdalseyri kringum Gránufélagsverslunina (1874-1913). Þar eru í manntali 1880, 70 manns í 9 þurrabúðum, hvar af 1 er veitingahús, 15 búa í verslunarhúsunum og 22 á heimajörðinni Vestdal.

Þorpið á Vestdalseyrinni óx og dafnaði fram yfir aldamót. Þar stóð eina kirkjan í sókninni frá 1882 til 1922. Þar var barnaskóli, verslun og útgerð, Þar hóf Skapti Jósefsson útgáfu Austra og kona hans Sigríður Þorsteinsdóttir og dóttir Ingibjörg gáfu út kvennablað. Þar bjuggu handverksmenn af ýmsu tæi svo sem, trésmiðir, gullsmiðir, járnsmiðir, skósmiðir, úrsmiðir og myndasmiðir og þar var rekið veitingahúsið Glæðheimar, sem seldi óáfenga drykki.

Á Eyri og næsta nágrenni bjuggu um aldamótin 180 manneskur í 24 húsum, eru þar með talin verslunarhúsin, bærinn Vestdalur og 4 hús utan við Vestdalsána. Á Vestdalseyrinni voru íbúar langflestir íslenskir en hún varð hluti af Seyðisfjarðarkaupstað 1895.

## Búðareyri

Sáralítill byggð var frá þorpinu á Öldunni og þar til kom út á Búðareyri og um talsverðan veg að fara. Þar var þó að finna ferjustaðinn Ós við Lónið sunnaveit og Fremstabæ nokkuð utar. Eins voru nokkur grasbýli á bökkum Fjarðarðarár.

Ottó Wathne lét byggja göngubrú á ána árið 1880 en fram að því var það í verkahring ábúenda á Ósi að ferja fólk á milli bæjarhluta. Þessi brú varð ísreki að bráð um 1890 en ný og myndarleg brú var byggð nokkrum árum síðar. Það var á Búðareyrinni, Forvaðavíkinni og út í Strönd sem norsku síldarspekúlantarnir komu sér fyrir.

Fyrstur á vetvang var Jakobsen & co 1867 og árið eftir var Ottó Wathne hér á ferð. Síldveiðar gengu upp og ofan framan af og fara ekki verulega að glæðast fyrr en seinni hluta áttunda áratugarins. Í manntali 1880 eru 6 síldveiðistöðvar upptaldar og fleiri áttu eftir að bætast við.

J. A. Köler & co. Stavanger, þar eru skráðir 6 menn (Kölershús)

A. Jakobsen & co. Mandal, þar eru skráðir 15 menn (Gamla Kompaní)

Andersen & co. Mandal, þar eru skráðir 15 menn.

H. Svensen & co. Stavanger, þar eru skráðir 23 menn ( næst utan við Þórshamar)

Wathne & co. Bergen, þar eru skráðir 18 menn (Engros).

Alls eru þetta 77 karlar, sem höfðu hin ýmsu störf með höndum. Taldir eru upp kapteinar, nótaformenn, beykjar, fiskarar, timburmenn, múrarar, matreiðslumenn og vinnumenn. Engar konur voru skrásettar í stöðvunum.

Auk síldarstöðvanna eru á Búðareyrinni og Forvaðavík, fjórar þurrabúðir; Antoníusarhús, þar bjuggu 8, Steinholt, þar bjuggu 16, og svo þurrabúð innar á Búðareyrinni, líklega húsið við Hafnargötu 12, þar bjuggu 24. Flestir íbúanna höfðu lífsviðurværi sitt af fiskveiðum.

Í Björgvinjarblaði frá 1881 er síldveiði Normanna við Ísland tíunduð og þykir það góður útvegur, jafnframt furða Norðmenn sig á því hversu Danir og Íslendingar eru linir að bera sig eftir björginni.

*„Að danska ríkið virðist gjöra svo lítið til að hagnýta hina miklu og góðu veiði sína umhverfis Ísland, þar sem Frakkar hafa alveg alla þorskveiðina og síldarveiðin liggur ónotuð, það er sífellt ráðgáta fyrir oss Norðmönnum.*

*En það leiðinlegasta af öllu er, að svo miklar tálmanir eru lagðar í veg fyrir þá Norðmenn, sem leita þangað upp, að margir kjósa heldur að sitja heima.”*

Smám saman rætist úr þessu bjargarleysi Dana og Íslendinga. Dansktt síldveiðifélag í nafni Thostrupverslunar í Kaupmannahöfn byggði Þórshamar, myndarlegt síldveiðahús á Búðareyrinni 1882 og seyðfirskir athafnamenn á borð við Stefán Th., Eyjólf Jónsson, Sigurd og Rolf Johansen, Þórarinn Guðmundsson o.fl. tóku höndum saman og voru með í lokaspretti síldarævintýrisins sem stóð með nokkrum hléum fram til 1900.

Á síðasta tug aldarinnar efldist byggðin á Búðareyri til muna, Wathne byggði 3 íbúðarhús og verslunarhús. Pöntunarfélag Fljótsdalshéraðs byggði glæsilegt hús 1898 (Pöntun), Fyrsta steinsteypa húsið í kaupstaðnum reis í Bláhústorfunni aldamótaárið. Garðarsfélagið reisti bæði íbúðarhús og atvinnuhúsnæði 1899 (Járnhúsið og Skipasmíðastöðin).

Innar á Búðareyrinni eða á Öldunni sunnanverðri eins og það er stundum kallað rísa einnig nokkur hús á síðasta tug aldarinnar. Apótekið 1890. Imslandshús 1896 Bjarki 1897, Jónshús 1898, Pálshús og Waageshús 1900.

### Ottó Wathne (f. 13. ág.1843- d.15 okt.1898 )

Ottó Wathne var að öðrum norskum síldarspekúlöntum ólöstuðum, heilladrýgstur byggðarlaginu og reyndar íslensku efnahagslífi öllu.

Umsvif hans voru svo fjölþætt að þótt hin slóttuga síld gæfi sig ekki misseri og misseri á ákveðnum miðum, þá stefndi það ekki veldi hans í voða. Wathne rak nótalög bæði á Suðurfjörðum og í Eyjafirði, hann verkaði saltfisk í stórum stíl, hafði gufuskip í förum milli landa og landshluta, rak stórverslun með vörur inn og út úr landinu auk þess að gera byltingarkenndar tilraunir eins og það að hefja siglingar af Héraðsflóa og upp Lagarfljót.

Hann var opinn fyrir nýjungum í atvinnulífinu, var meðal þeirra fyrstu, sem notfærði sér frosthústæknina og áreiðanlega einn fyrsti ferskfiskútflytjandi í landinu. Það fólst í því að breskir gufuaflstogarar sigldu til Íslands með lestar sínar fullar af ís og keyptu af Wathne síld og fluttu ísaða til Englands.

Auk þessa studdi Wathne ýmislegt sem til framfara horfði í almennum skilningi svo sem brúargerð yfir Fjarðará og byggingu vita á Dalatanga.

Þegar aðrir útvegsmenn snéru aftur til Noregs keypti Wathne eignir þeirra og jók umsvif sín. Þannig varð Búðareyrin óumdeilanlega miðstöð Wathneveldisins, sem átti ítök um allt land, svo og í Noregi og Danmörku.

Á Búðareyrinni átti Wathne hafskipabryggjur og bryggjuhús auk glæsilegra íbúðarhúsa, sem hann flutti inn tilhöggvin frá Noregi.

Ottó Wathne var búsettur á Seyðisfirði í nærfelt 20 ár og má segja að saga bæjarins á því tímabili sé saga hans. Wathne lést árið 1898 aðeins 55 ára að aldri. Samtímamaður hans Matthías Þórðarson segir að við það hafi verið sem „aflvél bæjarins lamaðist“. Erfingjar hans tóku við fyrirtækjunum.

## Fjarðarströnd (Utan Forvaðavíkur að Sörlastöðum)

Um Fjarðarströnd segir Þorsteinn Erlingsson í aldamótgrein sinni:

*„Húsin á Ströndinni hylur Strandatindsbungan. Þau flest byggðu Norðmenn um og eftir 1880. Nagelshús reisti Nagel frá Haugasundi. Þar er nú stórskipabryggja. Oanes byggði eitt. Það er nú Síldarfélag Seyðisfjarðar „Flísarfélagið.“*

*Eitt byggði Falk annað Sömmu. Þau eru rifin, en á hússtæði Falk's er nú frosthús Ímsland's. og þar sem Ímslandshús standa nú byggði G.A. Jonassen frá Stafangri síldarhús 1880. Þar byggðu og Thomsen og Berentzen 1880.“*

Í manntali 1880 er engin byggð skráð á Fjarðarströnd en árið 1890 eru þar 5 þurrabúðir og 22 íbúar, sem flestir hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum.

## Hánefs- og Þórarinstaðeyrar

Talsverð útgerð var á Eyrunum á árunum 1870-1900 en engin verslun eða þjónusta. Sóttu Eyramenn öll aðföng annað hvort á Vestdalseyri eða inn á Ölduna og hafa þá eflaust farið sjóleiðina.

Í manntali 1880 eru 45 íbúar skráðir í 4 þurrabúðir á Þórarinstaðeyri en um aldamótin eru þurrabúðirnar orðnar 11 á báðum Eyrunum en íbúarnir 105 og hafa velflestir viðurværi sitt af fiskveiðum. Á suðurströndinni bjuggu auk þessa 76 manneskjur á 6 jörðum samkvæmt sama manntali. Magnús frá Móum segir í bók sinni, "Litið til baka"

*„Nokkrir útgerðarmenn og bændur bjuggu út með firðinum, á Hánefstaðeyrum og Skálanesi sunnanvert við fjörðin svo og á Brimnesi að norðan. Bændur á brimnesi og Skálanesi, voru taldir velstæðir menn, en aftur á móti voru hinir taldir fremur fátækir, en þó voru það ötulir menn og sjósæknir, útgerðin kostnaðarsöm, mikið til rekin af útgerðarmönnum að sunnan, sem fengu hátt kaup“.*

## 1995 -1940 Kaupstaðurinn ungi

Seyðisfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1. janúar 1895. Kaupstaðurinn náði til byggðarinnar á Öldu, Búðareyri og Vestdalseyri. Eyarnar og bæirnir tilheyrðu Seyðisfjarðarhreppi. Hinn bráðþroska unglingur var nú kominn til manns og fékk tilverurétt sinn staðfestan í þjóðfélaginu. Hann

var um margt ólíkur öðrum kaupstöðum í landinu; bæði vegna þess hversu fljótsprottinn hann var og fyrir það hversu stóran þátt erlendir menn áttu í viðgangi hans. Ekki einungis voru þeir aflvakinn í atvinnulífinu, heldur sátu þeir einnig í metorðastöðum og voru áberandi í bæjarlífinu.

Bærinn skiptist nokkuð í hverfi eftir þjóðernum. Á Búðareyrinni bjuggu aðallega Norðmenn, á Öldunni var blönduð byggð, þar bjuggu mest Danir, svo Norðmenn og Íslendingar. Vestdalseyrin var byggð Íslendingum. Danska, norska og íslenska var töluð jöfnum höndum í bænum.

Mikil uppbygging og bjartsýni var ríkjandi á Seyðisfirði um og eftir aldamótin. Umhverfið var jákvætt og gjöfult og þótt síldin væri smám saman að hverfa var hún ekki lengur eina stoðin undir atvinnulífinu.

Nýir burðarásar komu til, svo sem fiskverkun, verslun og þjónusta, bæði við bændur í nágrannabyggðum og hinn alþjóðlega flota, sem stundaði veiðar við ströndina. Innlend athafnaskáld á borð við Stefán Th. héldu áfram stórfelldri uppbyggingu á öllum sviðum athafnalífsins, íslensk fyrirtæki spruttu upp úr þeim erlendu eins og Framtíðin, sem tók við af verslun Sigurd Johansen. Ný iðnfyrirtæki á borð við Vélsmiðju Jóhanns Hanssonar, bátasmiðju Stefáns Th. og og Sútunarverksmiðju Antons Berg litu dagsins ljós.

Menningarlíf stóð með miklum blóma. Í firðinum voru samankomnir margir frábærir tónlistarmenn og ber þar hæsta Kristján Kristjánsson lækni, Lárus Tómasson og son hans Inga T.

Tvö vikublöð voru gefin út á staðnum; Austri undir stjórn Skapta Jósefssonar (1891-1905) og Bjarki, sem var ritstýrt af Þorsteini Erlingssyni (1896-1900) og síðar Þorsteini Gíslasyni (1900-1904).

Stjórn bæjarins var djörf og stórhuga. ráðist var í byggingu vatnsveitu 1903, rafmagnsveitu 1913, nýttiskulegt sjúkrahús var reist 1898, glæsileg skólabygging 1907.

Mikið bættist einnig við af íbúðarhúsnæði.

Á fyrsta tug aldarinnar voru byggð í bænum kringum 4 tugir íbúðarhúsa. Vönduð og íburðarmikil innflutt timburhús risu kringum Lónið á hinu svokallaða Gulltorgi. Á svæðinu frá Fjarðarárbrú og út á Búðareyri reis langt á annan tug húsa, sem gerði að hægt var að tala um samfellda byggð fyrir botni fjarðarins.

1906 kom sæsíminn að landi og styrkti samband bæjarins við umheiminn enn frekar. Síminn fékk inni í íbúðarhúsi Ottós heitins Wathne, en erfingjar hans fluttu samskonar hús, sem staðið hafði á Reyðarfirði og reistu spölkorn utar á Búðareyrinni.

Heimsstyrjöldin fyrri dró nokkuð úr vexti og viðgangi bæjarins, en að henni lokinni var tekið til þar sem frá var horfið. Verslun og þjónusta við erlenda fiskimenn fyrir Austurlandi, Norðmenn Englendinga og Frakka, var mikilvægur þáttur í atvinnulífi bæjarins.

Árið 1922 voru sett lög á Alþingi um fiskveiðar, sem bönnuðu alfarið að erlend fiskiskip fengu að hafa aðsetur hér á landi. Þetta var gert til að vernda fiskimiðin fyrir ágangi útlendinga eða eins og Gunnlaugur Jónasson segir í 50 ára afmælisriti kaupstaðarins „*þetta var árangur herópsins "Ísland fyrir Íslendinga"*, sem þá var kyrjað hástöfum og æ síðan, af útgerðarauðvaldinu í Reykjavík"

Þessi lagasetning, sem enn er í fullu gildi, kom afar illa niður á Seyðisfirði sem og öðrum austfirskum sjávarþorpum en grundvöllur þeirra flestra var sameiginleg hagnýting innlendra og erlendra aðila á fiskimiðunum.

Á svipuðum tíma var farið að draga nokkuð úr verslun héraðsbænda á Seyðisfirði, sökum þess að auðveldara var að fara um nýbyggða Fagradalsbraut (lokið 1909) á Reyðarfjörð en gömlu leiðina yfir Fjarðarheiði. Miklar deilur stóðu um lagningu þessa vegar og þótti Seyðisfirðingum að vonum súrt í broti að vegabætur yfir Fjarðarheiði sætu ekki í fyrirrúmi, en Seyðisfjörður var tvímælalaust helsti verslunarstaður Austurlands og var það enn um sinn. Munu hafa verið 18 starfandi verslanir í bænum á árunum milli 20 og 30.

Nokkuð var þó af atvinnulífinu dregið þegar heimskreppan fór að hafa áhrif á Íslandi um og eftir 1930, enda fór svo að öll helstu fyrirtæki bæjarins komust í þrot; Framtíðin var yfirtekin af hinum Sameinuðu Íslensku Verslunum, sem svo fóru á hausinn, Ímslands og Wathneverslanirnar urðu gjaldþrota og síðast en ekki síst leið verslunar og útgerðar stórveldi Stefáns Th. Jónssonar undir lok.

Þessi mótbyr í atvinnulífinu hafði gífurleg áhrif á afkomu bæjarbúa. Fór svo að bæjarstjórn hafði veruleg afskipti af atvinnumálum á fjórða áratugnum. Hleypt var af stað ræktunarátaki og bæjabúum leigðar grasnytjar fyrir kýr og kindur, svo og garðlönd til kartöfluræktar. Keyptir voru fjórir vélbátar til bæjarins og stofnuð bæjarútgerð, sett var á stofn síldarbræðsla og frystihús, kolaverslun komið á laggirnar og sett á stofn skipasmíðastöð.

Á þriðja áratugnum var byggð eitthvað á þriðja tug íbúðarhúsa, voru það bæði minni timburhús í íslenskum bárujárnsstíl oft á háum steypnum kjallara (t.d. Skógar og Austurvegur 44 og 46 b ) og einstaka steinsteyppt hús á borð við Dagsbrún og Sandfell ( Hafnargata 26 og 32) Hús þessi risu víðsvegar um bæinn mest þó við Austurveg og Hafnargötu.

Aðeins voru 4 íbúðarhús byggð í Seyðisafjarðarkaupstað á fjórða áratugnum, Austurvegur 34 og 40, Brekkuvegur 3 og Oddagata 4c. Um og upp úr 1930 voru hinsvegar byggð 8 ný íbúðarhús á Eyrinum.

## 1940- 1945: Hernámið

Varla hafði tekist að blása nema veikburða lífi í atvinnulífið þegar næsta holskeflla utan að komandi áhrifa breytti gangi mála á róttækan hátt.

Þann 10. maí var Ísland hernumið af Bretum og sem vænta mátti var Seyðisfjörður vegna legu sinnar og allra aðstæðna hin ákjósanlegasta höfn fyrir hernámsliðið.

Sá litli sjávarútvegur, sem var að koma til, varð að lúta í lægra haldi fyrir stærri hagsmunum. Fjörðurinn var girtur kafbáta girðingum yst sem innst og fiskimið smábáta gerð að bannsvæðum og þannig ómögulegt gert fyrir sjósóknara að athafna sig.

Næga vinnu var að fá hjá hernum og líf skjör í kaupstaðnum góð á meðan á hernáminu stóð, sem en frekar stuðlaði að því að eðlilegt atvinnulíf lamaðist.

Talið er, að á fjórða þúsund hermanna hafi verið í firðinum en íbúar aðeins um þúsund. Nokkur hús lagði herinn undir sig, svo sem barnaskólann, Engros og hótél Elverhøj, sem varð bækistöð herforingjanna.

Mikið var byggt af herskálum um allar jarðir. Bæjarstjórnin lagði á það þunga áherslu að skálabyggðinni væri haldið frá íbúabyggð, en allt kom fyrir ekki. Skálahverfi risu um allan bæ, bæði á Búðareyri og Öldu. Auk þess reis þétt byggð skála á íþróttavellinum og nýræktinni sem bæjaryfirvöld höfðu rétt áður stofnað til. Alls voru reistir 261 skálar á Seyðisfirði; Um 50 í Háhrauni fyrir innan Þórarinsstaði, aðrir 50 á Vestdalseyrum og um 160 inn í bæ.

Þegar styrjöldinni lauk hvarf allt herlið umsvifalaust frá Seyðisfirði en tugir þúsunda fermetra af bragga húsnæði var skilið eftir, með öllu sem tilheyrði.

Ríkisstjórnin kom á laggirnar sölunefnd setuliðseigna, koma skyldi bröggunum í verð. Mikil eftirspurn reyndist vera fyrir hendi og voru það aðallega bændur sem sóttust eftir að reisa skálana á jörðum sínum til ýmiss brúks. Aðeins einn skáli er nú eftir Seyðisfirði, svokallaður Rauðakross-skáli sem stendur á Öldunni.

Eilítið bættist við af íbúðarhúsnæði á fimmta áratugnum, byggð voru 6 steinhús. Þau voru öll með sama sniði. Steinsteipt með háum kjallara, valmapaki og gluggum á hornum. Þetta var hinn svokallaði "bungalow still" sem átti rætur sínar bæði í amerískri húsagerð og evrópskum funksionalisma. Hús þessi voru gjarnan klædd utan með skeljasandi (Brekkuvegur 4 og 5) eða öðrum náttúrulegum efnum (Álfhóll, fíngerð

möl).

## 1945-1960: Stund milli stríða

Að litlu var að hverfa þegar setuliðsvinnan hvarf. Allt eðlilegt atvinnulíf var í molum, einkum sjávarútvegur sem nánast lagðist af á stíðsárunum.

Hægt og bítandi fóru þó hjólin að snúast að nýju. 1946 var stofnað hlutafélagið Bjólfur og togarinn Ísólfur keyptur. 1955 er að tilstuðlan bæjarins byggt frystihús. Hvorugt þessara fyrirækja gekk eins og til stóð, útgerðin fór á hausinn og ríkið eignaðist frystihúsið.

Þrátt fyrir örðugleika í atvinnulífinu og að íbúum bæjarins fækkaði á þessum árum úr 1000 í 750 er töluvert byggt.

Nýar götur Túngata og Múlavegur verða til. Við Túngötuna voru á árunum 1949 - 50 byggð steinhús á einni hæð með valmaðaki. Þetta eru fyrstu húsin í kaupstaðnum á einni hæð án kjallara eða riss, og marka þannig tímamót í byggingarsögunni.

Á vegum opinberra aðila er byggð ný kaupfélagsbúð við Hafnargötu, félagsheimilið Herðubreið við Austurveg og dieselrafstöð við Garðarsveg.

Um miðjan 6. áratuginn var aftur farið að huga að síldarsöltun. Fyrst var saltað hjá Síldarbræðslunni hf. og Strönd hf. sem hafði aðstöðu á Bæjarbryggjunni, Tjaldi hf. sem saltaði út á Nagla og í Nýja kompaníinu, sem var þá í eigu Árna Jónssonar og Ingimundar Hjálmarssonar.

Saltað var frá júlí og fram í september.

Þessi síldarsöltun var aðeins forsmekkurinn að því sem koma skyldi.

## 1960 -1968: Síldarárin.

Upp úr 1960 yfirgaf síldin, þetta slóttuga silfur hafsins, Norðurlandið, og skildi byggðarlögin þar eftir í kalda koli. Austfirðingar létu sér fátt um finnast bitra reynslu granna sinna og steiptu sér út í síldarævintýrið af eldmóði.

Síldarlausir síldarspekúlantar að norðan fluttust austur á Seyðsfjörð og komu sér upp söltunarstöðvum, þar sem við var komið, í hinum land litla firði. Heimamenn og héraðsmenn létu einnig til sín taka. Allt var tjargað og sett á flot. Gífurlegur fjöldi síldarverkafólks kom til bæjarins og hver húskimi var tekin í notkun auk þess sem fjöldi svokallaðra síldarbragga var reistur í skyndi. Þetta voru hin þokkalegustu hús, því nógir peningar komust fljótt í umferð. Ver horfði með þau gömlu hús, sem mörg voru fól og lítilsmetin eftir ládeyðu undangenginna ára. Gömlum virðulegum húsum var jafnvel rústað innan og þar komið fyrir eins mörgum

herbergjum og frekast rúmaðist.

Síldarplönin urðu flest 9. Yst að sunnan út á Hrólfi var Þór, þar söltuðu héraðsbændurnir Þórunn og Grétar á Skipalæk. Þá komu Neptún og Ströndin í Fjarðarströnd, þar söltuð Karl Jónsson, kallaður hvellur og Sveinn Guðmundsson póstur. Næst fyrir innan var Valtýsplan eða Norðursíld þar sem Valtýr Þorsteinsson og sonur hans Hreiðar verkuðu síld og reistu seinna frystihús Einars Guðfinnssonar frá Bolungarvík sem stóð við Forvaðavík, sem varla var vík lengur. Það starfaði stutt. Í Kompaní húsununum var söltunarstöðin Hrönn í eigu Ólafs Ólafssonar og Harðar Hjartarsonar. Í kjallara Fiskvinnslunnar var stöð rekin af Hafsteini Sigurjónssyni og Hauki Guðmundssyni. Í Þórshamri voru Borgir, sem síðar fluttu sig um set út undir Liverpool. Borgir átti Jón Einarsson frá Raufarhöfn. Þá kom Hafaldan, sem fyrst var í eigu Sveins Benediktssonar og þá Ólafs Óskarssonar, en yst að Norðan voru Ísbjarnarbændur þeir Ingvar Vilhjálmsson og Vilhjálmur Ingvarsson með söltunarstöðina Sunnuver og síldarbræðsluna Hafsíld.

Síldarárin stóðu frá 1961 til 1968.

Eins og á síldarárunum fyrri var gífurlegt fjármagn í umferð og mikill straumur fólks um bæinn yfir sumarmánuðina meðan söltun stóð. Söltunarstúlkurnar báru hitann og þungann af vertíðinni, en einnig var á plönunum fjöldi karlamanna. Í brælum átti síldarflotinn örugga höfn í hinum lygna firði, bæði sá íslenski en líka voru í firðinum norsk, finnsk og færeysk fiskiskip. Norskí flotinn hafði sér til fulltingis gæslu og þjónustuskip frá sjóhernum.

Mannlífið á Seyðisfirði var með afbrigðum litríkt og gróskumikið á þessum árum. Gamli Austurvegurinn var ennþá aðeins malartröð og breyttist auðveldlega í forarsvað ef rigndi. Mannfólk í þúsundatali, af ýmsu tagi og uppruna lét þetta ekki á sig fá en spásæraði um á milli þeirra staða, sem buðu upp á einhverja afþreyingu í landlegum. Sjómannastofan í Skuld, Norsk Fiskarheim, Hótel Snæfell, sjoppurnar, braggarnir og félagsheimilið Herðubreið voru þau afdrep sem tiltæk voru. Mest mæddi á Herðubreið en þar voru iðulega 4 bíósýningar á dag og þrír dansleikir um helgar.

Nær 60 einbýlishús bættust við húseign Seyðisfirðinga á þessum árum og fyrsta fjölbýlishúsið leit dagsins ljós, Jóhannesarborgin, við Túngötu. Einbýlishúsin risu við Garðarsveg, Árstíg, Baugsveg Túngötu, Miðtún og Gilsbakka, sem eru á láglendi við Fjarðarbotnin, en byggðin teygði sig líka upp í brekkurnar í rætur Botnanna, þar sem urðu til göturnar Múlavegur, Botnahlið og Brattahlið. Þessi nýja byggð var gjörólík þeirri byggð sem fyrir var í bænum. Einbýlishús, oft á einni hæð á stórum lóðum, mynduðu ekki sömu skjólgóðu, þéttu þyrpingarnar og áður. Í dag hefur hávaxinn garðagróður ljáð þessum hverfu ákveðin hlýleika, sem

skorti í byrjun. Litli aldamótbærinn þar sem atvinnu og íbúðarhúsnæði þreifst hlið við hlið nánast í sjávarkambinum hafð eignast sín "úthverfi".

Lítið var framkvæmt á vegum bæjarfélagsins á þessum velmegtarárum þó eignaðist hann nýja vatnsveitu, sem var nauðsynlegt til að anna vatnspörf plananna.

Litill gaumur var gefinn að hinni eldri byggð á síldarárunum og eins og vill verða á uppgripa tímum var meiri áhersla lögð á uppbyggingu, en alúð og virðingu fyrir hinu gamla. Notað var út úr góðum timburhúsum, þar til þau voru ekki gjaldgeng lengur og þau rifin. Hús á borð við Wathnebúð (rif. 1966), Bjarka (rif.1974) Sólvang (rif.1984) og Skálanes(rif.1987) hurfu þannig úr húsasafni kaupstaðarins og verða ekki bætt. Önnur hús eru á hálfgerðum vergangi, milli manna og sjóða. Líða þau oftast fyrir langvarandi viðhaldsleysi og örlög margra þeirra óráðin nema breytt gildismat og jákvæðara viðhorf til sérkenna kaupstaðarins komi til skjalanna.

### **1968-1995: Leitað Jafnvægis.**

Síldin hvarf eins skyndilega og hún kom. Það var örlítið þreyttur og ráðvilltur bær, sem vaknaði upp við þann vonda draum að nú þyrfti enn einu sinni að stokka og gefa að nýju. Góðu heilli uppgötvaðist nýr fiskistofn við Íslandsstrendur og bræðslurnar tvær sem áður bræddu síld möluðu nú gull úr loðnunni, sem veiddist í miklu magni.

Þrír nýir togarar voru keyptir í byggðarlagið og frystihúsið endurnýjað. Járníðnaður sem ætíð hafði staðið á gömlum grunni í atvinnulífinu átti nú sitt blómaskeið. Vélsmiðja Stefáns Jóhannssonar hóf smíði vandaðra smábáta sem seldust um allt land og vélsmiðjan Stál fékk myndarleg verkefni meðal annars við virkjanaframkvæmdir landsmanna.

Árið 1975 hófu Færeyingar ferjusiglingar milli Íslands, Færeyja, Skotlands, Noregs og seinna Danmerkur. Þetta var þá og er enn eina fólksflutningaleiðin á sjó frá Íslandi til annara landa.

Með ferjusiglingunum endurheimti kaupstaðurinn nokkuð af því alþjóðlega andrúmslofti er einkenndi hann fyrrum auk þess sem hann varð sjálfkrafa þátttakandi í hinum nýja og vaxandi atvinnuvegi landsmanna, ferðaþjónustu.

Þóra Guðmundsdóttir

# **Þátttakendur í farskóla íslenskra safnmanna á Seyðisfirði 1994**

|                           |                                  |
|---------------------------|----------------------------------|
| Aðalbjörg Ólafsdóttir     | Árbæjarsafn                      |
| Anna Lísu Guðmundsdóttir  | Nýlistasafnið                    |
| Arnfinnur Einarsson       | Árbæjarsafn                      |
| Bjarni F. Einarsson       | Árbæjarsafn                      |
| Brynhildur Ingvarsdóttir  | Minjasafn Egils Ólafssonar       |
| Egill Ólafsson            | Heimilisíðnaðarsafnið            |
| Elisabet Sigurgeirsdóttir | Sjóminjasafn Eskifjarðar         |
| Geir Hólm                 | Byggðasafn Suðurnesja            |
| Guðleifur Sigurjónsson    | Byggðasafn Borgarfjarðar         |
| Guðmundur Guðmarsson      | Þjóðminjasafni Íslands           |
| Guðmundur Ólafsson        | Neskaupsstað                     |
| Guðmundur Sveinsson       | Safnahúsið á Húsavík             |
| Guðni Halldórsson         | Minjasafnið á Akureyri           |
| Guðný G. Gunnarsdóttir    | Þjóðminjasafn Íslands            |
| Guðrún Fjóra Gränz        | Safnið á Skagaströnd             |
| Guðrún Guðmundsdóttir     | Safnastofnun Austurlands         |
| Guðrún Kristinsdóttir     | Byggðasafn Akraness og nærsveita |
| Gunnlaugur Haraldsson     | Byggðasafn Akraness og nærsveita |
| Guttormur Jónsson         | Árbæjarsafn                      |
| Hafðís Halldórsdóttir     | Þjóðminjasafn Íslands            |
| Hallgerður Gísladóttir    | Burstafell                       |
| Hallgrímur Helgason       | Árbæjarsafn                      |
| Helgi Sigurðsson          | Árbæjarsafn                      |
| Hrefna Róbertsdóttir      | Minjasafnið á Akureyri           |
| Hörður Geirsson           | Þjóðminjasafn Íslands            |
| Inga Lára Baldvinsdóttir  | Byggðasafn Vestmannaeyja         |
| Jóhann Friðriksson        | Byggðasafn Húnavatnings og       |
| Jón Haukdal               | Strandamanna                     |
| Jóna Símónía Bjarnadóttir | Byggðasafn Vestfjarða            |
| Katrín Ríkharðsdóttir     | Minjasafnið á Akureyri           |
| Kristín Jónasdóttir       |                                  |
| Kristveig Björnsdóttir    | Bóka- og byggðasafn Norður-      |
|                           | Pingeyinga                       |
| Lilja Árnadóttir          | Þjóðminjasafn Íslands            |
| Linda Guðmundsdóttir      | Árbæjarsafn                      |
| Margrét Gísladóttir       | Þjóðminjasafn Íslands            |
| Margrét Hallgrímsdóttir   | Árbæjarsafn                      |
| Margrét Jónasdóttir       | Árbæjarsafn                      |
| Ólafur Axelsson           | Árbæjarsafn                      |

Pétur Kristjánsson  
Rannveig Ásbjörnsson  
Sigríður Ólafsdóttir  
Sigríður Sigurðardóttir  
Sigrún Ásta Jónsdóttir  
Sigurður Pálsson  
Steinunn Kristjánsdóttir  
Úlfar Mátsson  
Þór Magnússon  
Þóra Guðmundsdóttir  
Þóra Magnúsdóttir  
Örlygur Kristfinnsson


Seyðisfirði  
Árbæjarsafn  
Árbæjarsafn  
Glaumbæ/ Þjóminjasafn Íslands  
Þjóðminjasafn Íslands  
Rjómabúið Baugsstöðum  
Árbæjarsafn  
Árbæjarsafn  
Þjóðminjasafn Íslands  
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla  
Sýldarminjasafnið á Siglufirði.

# Tölvuvæðing safna

Höfuðefni farskóla íslenskra safnmanna var að þessu sinni tölvuvæðing safna. Fagleg fræðsla um þau mál var í höndum Gunnars Svavarssonar verkfræðings og Einars Hauks Reynis rafeindavirkjameistara á gagnaflutningsdeild Pósts og Síma. Safnfólk sagði svo reynslusögur af ýmsum skráningar- og gagnakerfum sem hafa verið í notkun á undanförunum árum.

Þeir félagar fjölluðu um ýmis atriði sem hafa ber í huga þegar tölvuvæða skal söfn og bentu safnmönnum á til hvaða þátta skal tekið tillit við val á tölvubúnaði. Einnig kynntust safnmenn fjórum fræðingum sem allir notuðu tölvur til að auðvelda sér vinnuna. Sagnfræðingurinn notaði ritvinnslu og umbrotsforrit og arkitektinn teikniforrit. Fornleifafræðingurinn skráði upplýsingar beint inn í gagnasafn og listfræðingurinn var alþjóðlegastur fjórmenninganna, notaði upplýsingabanka til að komast inn í erlend gagnasöfn með *Internet* tölvukerfinu.


Gunnar og Einar Haukur kynntu að lokum athyglisverðar niðurstöður í könnun á tölvuvæðingu safna sem unnin var sumarið 1994.



Þegar þetta kemur ekki til fjárfestingar

■ Ætla að tölvuvæða

□ Ætla ekki að tölvuvæða




Hvernig tölvur eru til staðar?


■ PC

□ Macintosh

■ Blandað (PC og Mac)




Hvernig er færmin, leiknin og þekkingin í notkun tölvva?



Þegar fjárfestingar eru til staðar

5,88%

5,88%



■ Engin samnýting


□ Samnýta gögn og prentara

■ Samnýta prentara

Er þörf fyrir aukna þekkingu?

■ Já 11,76%

□ Nei



□ Mjög góð

■ Viðunandi

■ Óviðunandi

□ Litill sem engin

# Siðareglur, handa hverjum?

Nokkrar athugasemdir við athugasemdir Félags  
íslenskra safnmanna og ICOM.

Í síðasta farskóla íslenskra safnmanna, sem haldinn var á Austurlandi í september síðastliðnum var rætt um siðareglur ICOM og gildi þeirra fyrir íslenska safnmenn. Umræðan var ekki ýkja ítarleg heldur var fyrst og fremst verið að kynna þessar siðareglur fyrir félagsmönnum. Ýmislegt er við þessar siðareglur að athuga. Ég vil gera athugasemd við hvernig þeim var beitt í deilum manna um Miðhúsasilfrið svokallaða. Virtist mér mikið vera gert til þess í farskólanum að ýta hugsanlegri umræðu um þessi mál til hliðar og mátti halda á stundum að um einhverja drepstótt hafi verið að ræða. Þessi umræðu-fælni á reyndar við um allan farskólann, tími til umræðu var nær enginn í dagskrá og þegar örlaði á slíkum tíma talaði viðkomandi ræðumaður svo lengi að vonin um umræðu hvarf. Við ættum kannski að ræða málín eilítið meira á kostna erindagleðinnar.

Félag íslenskra safnmanna og ICOM, Íslandsdeild alþjóðaráðs safna, birti þann 14. júlí 1994, m.a. í Morgunblaðinu, athugasemd vegna umræðu sem þá fór fram um meint hvarf safngripa og meintrar fölsunar á Miðhúsasilfrinu svokallaða. Undir athugasemdina skrifuðu Sigríður Sigurðardóttir, formaður Félags íslenskra safnmanna og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar ICOM.

Aðilar að ICOM eru langt í frá meirihluti íslenskra safnmanna og er mér ekki kunnugt um að nokkurt af stærri söfnum landsins sé aðili að samtökunum, a.m.k. eru Þjóðminjasafn Íslands og Árbæjarsafn það ekki. Af þessari ástæðu er vafasamt að bera fyrir sig siðareglur ICOM og telja þær bindandi fyrir félaga í safnmannafélöginu. Enn vafasamara var að nota þær í þeirri umræðu sem fram fór um Þjóðminjasafnið og Miðhúsasilfrið. Sú umræða var orðin nokkuð illa smituð af persónulegum þáttum og skiptust menn í flokka, með og á móti tilteknum persónum. Málið snýst hins vegar ekki um persónur og er í sjálfu sér ekki svo ýkja flókið mál. Framtíðin mun leiða sannleikann um silfrið í ljós. Fyrir liggur skýrsla mjög virts fræðings á þessu sviði og er sú skýrsla lokaskýrsla frá hans hendi. Þá skýrslu verður að taka alvarlega og hún er ekki áfangaskýrsla eins og oft hefur verið ýað að. Sem fornleifafræðingur tek ég skýrsluna afar alvarlega og dettur ekki í hug að dæma hana marklausa. Til þess skortir mig þekkingu.

Aðrir viðeigandi aðilar munu væntanlega rannsaka aðra þætti málsins og þegar þær og fleiri niðurstöður liggja fyrir mun loka niðurstaða verða fengin og málið útrætt.

Nú vikur sögunni aftur að Félagi íslenskra safnmanna og sérstaklega ICOM. Fyrst fæstir málsaðilar Miðhúsamálsins eru aðilar í ICOM, spyr ég; var rétt að beita siðareglum þess í málinu? Svar mitt er nei. Er ICOM (og formaður þess) sérfræðingur á sviði silfurs á Íslandi? Svar mitt er nei. Er ICOM réttur aðili til að dæma um hæfni einstakra félagsmanna Safnmannafélagsins sbr. ummæli í áðurnefndri athugasemd varðandi hæfni Þjóðminjavarðar? Svar mitt er nei. Er ICOM réttur aðili til að kveða á um hvort íslenskir fjölmiðlar „séu þekktari fyrir allt annað en áhuga og umhyggju fyrir þjóðlegum fræðum“ eins og stendur í athugasemdunum. Svar mitt er nei. Á ICOM að taka þátt í umræðu um viðkvæm mál, sem ættu að vera fagleg en eiga það til að verða persónuleg. Svar mitt er nei. eru siðareglur ICOM heppilegar fyrir íslenskar aðstæður? Svar mitt er að ég veit það ekki fyllilega, en sumt finnst mér ekki passa. Var umræðan um Miðhúsasilfrið í andstöðu við siðareglur ICOM? Svar mitt er að ég veit það ekki fylliglega. Virðist það vera túlkunaratriði.

Mín niðurstaða er að það hafi verið í hæsta máta óviðeigandi af bæði Félagi íslenskra safnmanna og ICOM að taka svo afgerandi afstöðu í Miðhúsamálinu og öðrum þeim málum sem fram koma í athugasemdunum. Sérstaklega var þetta óviðeigandi ef haft er í huga að stjórn Safnmannafélagsins var ekki einhuga. Engum hefði átt að dyljast að um „heitt“ mál var að ræða, sem fjölmiðlar gátu ekki látið afskiptalaust. Af þeirri einföldu ástæðu hefðu stjórnunum átt að vera ljóst að sumir voru með og aðrir á móti (þó fæstir hafi vitað með hverju eða á móti hverju) og því væri best að segja ekkert. Því spyr ég: var stjórn Íslandsdeildar ICOM yfirleitt kölluð saman vegna athugasemdanna? Ef svo var, var hún samhljóða í áliti sínu?

Ég tel ákveðið siðleysi felast í því að gefa út yfirlýsingar um einstök málefni sem upp kunna að koma í íslenskum safnamálum, sérstaklega þegar þau eru jafn snúin og raun ber vitni varðandi Miðhúsasilfrið og þegar höfð er í huga samstaða stjórnar Safnmannafélagsins eins og fram kom að ofan. Þegar stjórnir geta ekki verið sammála er líklegt að félagsmenn séu það ekki heldur. Ekki gat ég séð annað en að töluverður urgur hafi verið í félagsmönnum á framhaldsaðalfundinum á Seyðisfirði og ekki fékk ég séð hverjir voru þar í meirihluta, þeir sem voru jákvæðir gagnvart athugasemdunum eða þeir sem voru það ekki. Ættu það að vera skýr skilaboð til stjórnanna beggja að gæta að sér í framtíðinni. Ég hef áhyggjur af því, sem er mín meginafstaða í málinu, að félögin muni skipta sér af deilum sem upp kunna að koma í framtíðinni. Þá eru hugsanlega komnar nýjar stjórnir með nýjar áherslur. Hvers hanska munu þær þá taka upp?

Að síðustu þegar siðareglur eru jafn opnar og siðareglur ICOM eru, er vafasamt að nota þær í umræðu um einstök mál, ekki síst þegar fæstir sem málið varðar eru í ICOM. Ég vil benda á að það félag sem gæti haft eða

kemst næst því að hafa eitthvert vit á Miðhúsasilfrinu, Félag íslenskra fornleifafræðinga, sendi ekki frá sér yfirlýsingu. Bæði var það vegna þess að félagsmenn voru ekki sammála í öllum atriðum málsins og að málið snérist ekki um að vera með eða á móti einhverju eða einhverjum. Ég vil taka það fram að þó að ég sé í stjórn þessa félags, er það alls ekki álit Félags íslenskra fornleifafræðinga sem hér birtist, heldur persónulegt álit mitt.

Félag íslenskra safnmanna er afar misleitur félagskapur. Er það bæði styrkur og veikleiki félagsins eftir því hvað félagið tekur sér fyrir hendur eða hvað það telur sig vera. Ef félagið ætlar sér að álykta í sértækum og sérhæfðum málum, eins og Miðhúsamálinu, er misleitni félagsins veikleiki. Sama gildir um flest sérhæfð mál sem upp kunna að koma. Ef hins vegar félagið ætlar sér að vera umræðugrundvöllur um safnamál almennt þar sem skiptst er á upplýsingum og reynslu um safnamál ýmiskonar er það styrkleiki félagsins hvað hann er misleitur. Þar er ótrúlega fjölbreytt reynsla félagsmanna samankomin úr öllum landshlutum og úr alls kyns starfsstéttum. Því ætti umræða og fræðsla um safnatengd mál að vera meginverkefni Félags íslenskra safnmanna, enda sé ég ekki betur en að svo sé sagt í lögum félagsins og má þá bæta því við að þar er einnig minnst á að kynni milli safna og safnamanna sé einn tilgangur félagsins. Sýnist mér sá þáttur vera einn sá allra mikilvægasti.

Við megum ekki gleyma því að Félag íslenskra safnmanna er ekki fagfélag í raun. Því ætti það ekki að skifta sér af faglegri umræðu sem varðar t. d. fornleifafræðileg-, þjóðfræðileg-, listasöguleg- eðlisfræðileg- (C-14) vandamál. Til þess hefur félagið hreinlega enga burði þó svo að innan vébanda þess séu einstaklingar sem eru sérfræðingar á margvíslegum sviðum.

Að lokum skora ég á Félag íslenskra safnmanna að láta gera sínar eigin siðareglur og fá til þess hæfa einstaklinga. Ég er sannfærður um að þær yrðu ekki mjög frábrugðnar siðareglum ICOM í sjálfu sér, en ef við ætlum að beita fyrir okkur einhverjum siðareglum í framtíðinni, sem er gott mál út af fyrir sig þegar við á, er heppilegt að það séu okkar eigin reglur. Annars gætum við notað hvaða siðareglur sem er, af hverju ekki siðareglur japanskra blaðamanna?

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur

# Ráðstefna um bæja- og húsakannanir

Húsafríðunarnefnd ríkisins og Skipulag ríkisins boða til ráðstefnu um bæja- og húsakannanir í Norræna húsinu 1.-2. nóvember 1994. Tilgangur ráðstefnunnar er að varpa ljósi á mikilvægi þess að tillit sé tekið til eldri byggðar og einstakra húsa við skipulagsgerð í bæjum, breytingar á eldri byggingum og hönnun nýbygginga í eldri hverfi. Skipulagðar húsakannanir í þéttbýli hafa á undanförunum árum farið fram bæði hér á landi og erlendis til að skrásetja og meta hið byggða umhverfi og einstakar byggingar út frá umhverfinu. Slíkar kannanir eru gerðar til að tryggja að ákvarðanir um breytingar séu teknar út frá umhverfislegum, sögulegum og byggingalistalegum forsendum. Ýmsar aðferðir hafa verið í gangi við gerð þessara kannana og er sérstakur gestur ráðstefnunnar Gregers Algreen Ussing hjá danska umhverfisráðuneytinu. Hann mun kynna svokallaðan SAVE-matslykil sem húsakannanir í Danmörku eru unnar út frá. Ennfremur mun verða kynnt tillaga að þessari aðferð sem tekur mið að íslenskum aðstæðum.

Dagskrá ráðstefnunnar er eftirfarandi:

## **Priðjudagur 1. nóvember kl. 9:00-16:30**

9:00-9:15 *Setning.*

Sturla Böðvarsson, formaður Þjóðminjaráðs.

9:15-12:00 *Gildi bæja- og húsakannanna:*

9:15-9:45 A) sem hluti skipulagsvinnu.

Stefán Thors, skipulagsstjóri ríkisins.

9:45-10:00 Fyrirspurnir.

10:00-10:15 Kaffi.

10:15-10:45 B) út frá húsverndarsjónarmiðum.

Þorsteinn Gunnarsson arkitekt.

10:45-11:00 Fyrirspurnir.

11:00-11:30 C) út frá menningarsögulegu sjónarhorni.

Þór Magnússon Þjóðminjavörður.

11:30-12:00 Fyrirspurnir og umræður.

12:00-13:30 Hádegishlé.

13:30-16:30 *Húsakannanir á Íslandi:*

13:30-14:30 A) helstu aðferðir og niðurstöður:

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, formaður húsafríðunarnefndar ríkisins.

14:30-15:00 Fyrirspurnir.

|             |                                                                  |
|-------------|------------------------------------------------------------------|
| 15:00-15:20 | Kaffi.                                                           |
| 15:20-16:00 | B) húsakannanir Árbæjarsafns:<br>Nikulás Úlfar Mátsson arkitekt. |
| 16:00-16:30 | Fyrirspurnir og umræður.                                         |

## **Miðvikudagur 2. nóvember kl. 9:00-17:00**

9:00-12:00 *Húsakannanir í Danmörku, SAVE-kerfið.*

9:00-10:00 Gregers Algreen Ussing frá Skov- og naturstyrelsen  
kynnir SAVE.

10:00-10:15 Kaffi.

10:15-11:00 Gregers Algreen Ussing, framhald.

11:00-12:00 Fyrirspurnir og umræður.

12:00-13:30 Hádegishlé (Háskólatónleikar í salnum).

13:30-17:00 SAVE-kerfið á Íslandi.

13:30-14:30 Guðmundur L. Hafsteinsson kynnir vísi að íslenskri  
útgáfu af SAVE-kerfinu.

14:30-15:00 Fyrirspurnir og umræður um vísi að íslenska kerfinu og hugsanlegar  
breytingar sem gera þarf.

15:00-15:20 Kaffi.

15:20-16:30 Umræður, framhald

## **Fimmtudagur 3. nóvember kl. 9:00-12:00**

9:00-12:00 Þeir þáttakendur sem áhuga hafa hittast í Grjótaþorpi til  
þess að skoða og meta hús eftir matslykli kerfisins.

Þátttaka tilkynnist til húsafriðunarnefndar ríkisins í síma 91-622745  
fyrir 28. október n.k. Ekki verður innheimt þátttökugjald. Boðið verður  
upp á kaffi en ekki hádegisverð.

Guðmundur L. Hafsteinsson

# Nordliv

Hugmyndin að samnoræna verkefninu Nordliv kviknaði upphaflega í Finnlandi. Vorið 1992 ákváðu Norrænu félögin að fara af stað með fjölþætt samnorraent verkefni sem unnið væri út frá sagnfæði- og samfélagsfræðum. Markmið þess væri að styrkja norræna vitund og auka áhuga innan Norðurlandanna á nágrannaþjóðunum.. Eftir að hafa verið til umfjöllunar meðal norrænu borgarminjavarðanna og síðar í Norrænu ráðherranefndinni var ákveðið að setja af stað verkefnið Nordliv 1995-1997. Á fundi norræna ráðsins í Stokkhólmi í mars 1994 var verkefnið bundið fastmælum fjárhagslega og tímalega.

Norrænu félögin hafa valið finnska sagnfræðinginn Yrki Ijas sem verkefnastjóra og komið á fót vinnuhópum, einum í hverju landi. Hlutverk vinnuhópanna verður að útfæra Nordliv og hrinda verkefninu af stað en það mun ná hápunkti árið 1997 á sexhundruð ára afmæli Kalmarsambandsins. Fimm atriði hafa verið valin sem „rauðir þræðir“ til að vinna eftir, en þeir eru:

## 1. Alþýðuhreyfingar og staðbundin starfsemi.

*Að varpa ljósi á hina norrænu hefð í norrænni félagastarfsemi*

(Félagasaga sem þema á vinabæjarmótum, „ættfræðingar ættu að læra að vinna án landamæra t.d. þegar um er að ræða búferlaflutninga innan norðurlanda“)

## 2. Skólinn, menntun.

*„Að auka áhuga á sögu Norðurlanda, með „upplifunarverkefnum“ á sameiginlegri sögu og norrænni samkennd.“* (Verkefnakennsla í gegnum tölvunet, keppnir, þemahefti, upplýsinga- og ítarefni fyrir ýmsar menntastofnanir, „seminör“ fyrir kennara, námskeið osfrv.)

## 3. Söfn, sýningar menningarleg ferðapjónusta og viðburðir.

*„Söfnin á Norðurlöndum beina sjónum sínum að hinu norræna“* (Norrænt ár 1997, sýningar um norrænt „identitet“, farandsýningar, saga búferlaflutninga á Norðurlöndum osfrv.)

## 4. Fjölmiðlar.

*„Við verðum að fá viðeigandi fjölmiðla til að leggja megináherslu á hið norræna.“* (Greinar, fréttabréf, blaðamannafundir, sameiginleg áhersla á upplýsingar og dagskrárskipulagning hjá sjónvarpi og útvarpi)

**5. Fræðilegt nám/háskólanám, rannsóknarsamvinna, vísindaráð og félög.**

*„Hvernig var að hitta norrænan starfsfélagi í fyrsta sinn?“*  
(Námsmannafundur, stuðningur við ritgerðarsmíð sem tengist einhverju norrænu, tölvusamvinna við norrænan sumarháskóla, fjölbreytt grunnnám í Nordliv, þemalögð tímarit og sfrv.)

Í íslenskra undirbúningshópnum sem stjórnað er af fulltrúa Norræna félagsins, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur sitja fulltrúar ýmissa menningarstofnana sem munu í samvinnu ákveða hvernig unnið verður úr ofangreindum þáttum. Verkefnið er á frumstigi á Íslandi en er komið lengra á hinum Norðurlöndunum.

Þar sem verkefnið er að hluta til unnið með söfn í huga eru allar hugmyndir frá safnafólki vel þegnar og er fólki bent á að hafa samband við Sigríði hjá Norræna félaginu í síma 10165.

Margrét Jónasdóttir

---

Útgefandi: Félag íslenskra safnmanna, ritstjóri Margrét Jónasdóttir,  
Árbæjarsafni, P.O. Box 10020, 130 Reykjavík, S. 875412